

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Holdings Stolt See Farm Holdings



Dags eftirlits	2.9.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Holdings	Fulltrúi UST	
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6909110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Sigurðsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Þorbjörnsson	Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik var greint í eftirliti en ein athugasemd var gerð hvað varðar skil á útstreymisbókhalði.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir niðurstöður mælinga frá því 27. maí 2014 og voru þær allar innan marka starfsleyfis. Minnt var á að sýnatökur skulu vera á 3ja ára fresti.

Öllum áætlunum hefur verið skilað skv. starfsleyfi og þær yfirfarnar og samþykktar af hálfu Umhverfisstofnunar.

Allur dauðfiskur fer vikulega til bræðslu í Haustak.

Farið var yfir ákvæði gr. 4.3. í starfsleyfi og bent á að sækja þurfi sérstaklega um minnkun eftirlits, eigi það við skv. grein þessari. Hvatningakerfi stofnunarinnar var kynnt.

Engar kvartanir hafa borist fyrirtækinu og engin áföll eða slys hafa komið uppá.

Lítill, tvöfaldur olfugeymir er við stöðina og settur upp skv. stöðlum frá N1.

Gengið var um stöðina og aðstaðan skoðuð.

Farið var niður að fjöruborðinu þar sem útstreymi stöðvarinnar fellur inn í bunustokk HS orku og eru engar athugasemdir gerðar við það frárennsli.

ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu hvað varðar skil á útstreymisbókhalði. Útstreymisbókhalði hafði ekki verið skilað þegar eftirlit fór fram en skiladagur er 1. maí ár hvert. Var óskað eftir leiðbeiningum um útfyllingu bókhaldsins og því skilað inn, fullunnu, með tölvupósti þann 10. sept sl.

ANNAÐ

Uppbyggingu er lokið í fasa I og stefnt er að því að fyrsti fiskurinn fari á markað fljótlega á nýju ári. Fiskur verður sendur út í hverri viku og hefur verið samið við AGE Seafood í Sandgerði um vinnslu og pökkun.

Um 65 tonna lífmassi er í stöðinni en ekki er kominn fiskur í alla stöðina.

Stefnt er að því að stöðin verði komin í fulla framleiðslu skv. starfsleyfi árið 2019-2020.

Reykjavík, 04.09.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.